

## Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 1. mars 2021 og hófst hann kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Ásgrímur Angantýsson og Steinunn Stefánsdóttir. Eva María Jónsdóttir boðaði forföll. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Endurskoðun íslenskrar málstefnu

Sjá fg. stj. ÍM 2/2021. Fundarmenn ræddu drög að íslenskri málstefnu. Lokadrög verða send allri málnefndinni til umsagnar í næstu viku.

### 2. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2021

Sjá fg. stj. ÍM 2/2021. Drög að ályktun um stöðu tungunnar voru lögð fram og rædd á fundinum. Ályktunin hefur yfirskriftina Íslenska í skólakerfi 21. aldar. Stefnt er að því að ályktunin verði frágengin í maí.

### 3. Málræktarþing 2021

Sjá fg. stj. ÍM 2/2021. Ákveðið var að málræktarþingið yrði haldið fimmtudaginn 30. september kl. 15–17 en ekki sunnudaginn 26. september eins og áður hafði verið ákveðið. Áætlað er að halda málræktarþingið í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Haldin verða fimm erindi sem fjalla um íslensku í skólakerfinu, veittar viðurkenningar og kynnt ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2021.

### 4. Önnur mál

- a. Fundur fullskipaðrar málnefndar verður haldinn 22. apríl kl. 15:30. Miðað er við að halda fundinn í húsnæði mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- b. Nýr samstarfssamingur Íslenskrar málnefndar og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum var undirritaður 19. febrúar. Samstarfssamningurinn er gerður á grundvelli 6. gr. laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls þar sem kveðið er á um að skrifstofa Íslenskrar málnefndar sé í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 17:45.

Ármann Jakobsson  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.